



Sýning myndverka í eigu borgarinnar

Í dag verður opnuð að Kjar-
valsstöðum sýning mynd-
verka í eigu Listasafns

Reykjavíkurborgar. Sýningin
verður opnuð klukkan 15 og
stendur til 27. janúar.

Í austursal hússins eru ein-
göngu sýndar myndir eftir
Jóhannes S. Kjarval en í
vestursal eru myndir eftir
ýmsa listamenn. A sýningunni
eru alls 106 listaverk, þar af 11
höggmyndir.

Myndin, sem fylgir, er af
málverkinu „Fyrsti sonur
Mariu“ eftir Hörð Agústsson,
— málaf 1950.

Sölumetinn fjúka hjá togurunum

Togararnir íslensku
setja nú daglega sölu-
met við ísfisksölur í er-
lendum höfnum og
standa metin yfirleitt
ekki nema sólarhring
eða svo.

Nýjasta metið setti Svalbakur,
en hann seldi í Grimsby í gær 72,3
tonn fyrir 29.718 pund, eða 5,7

miljónir og meðalverð á kíló varð
79 krónur og 12 aurar. Þessar
upplýsingar fékk blaðið hjá Ingi-
mar Einarssyni, en hann aftur
beint frá skipverjum. Mun þetta
vera hæsta meðalverð hjá togara,
bæði í íslenskum krónum og einn-
ig talið í breskri mynt.

Það er nokkur urgur í útgerðar-
mönnum yfir því, að tollur skuli
vera 12% af ísfiski, en ef allt hefði
verið með felldu í Efnahags-
bandalaginu þá hefði tollur af ís-
fiski verið 6% nú samkvæmt

samningum þeim sem Ísland
gerði við bandalagið, en það hing-
að til neitað að staðfesta.

Hvert kitt af afla Svalbaks var
selt á 26 sterlingspund, en það
þótti góð sala 1960 ef kittið fór á
4,5 sterlingspund.

Enginn af úthafstogurum
Breta mun vera væntanl. til þess
lands fyrstu þrjá dagana í næstu
viku, en hins vegar verða þrír ís-
lenskir togarar þar þá daga, einn
á hverjum degi, svo búast má við,
að hið nýja sölumet Svalbaks
standi ekki lengi. Þeir togarar
sem selja í byrjun næstu viku í
Bretlandi eru Narfi, Sólbakur og
Arnar. —úþ

Loðnuvertið í Noregi

OSLO 11/2 — Loðnuveiðar
hefst í Noregi á þriðju-
daginn. Stjórnvöld gefa út
ýtarlegar leiðbeiningar um
veiðarnar og er bæði tekið
fram um hámarksveiðina
og hámarksafli á skip.

Alls hafa 472 skip tilkynnt sig til
loðnuveiða við Noreg. Leyft verður
að veiða alls 7 miljónir hektó-
litra, en það er líklega ekki fjarri
því að vera 700 þúsund tonn. Til
neyslu og frystingar fara 600 þús-
und hektólitrar, en hitt í bræðslu.
Af bræðsluloðnunni fá togarar að
veiða 1 miljón hektólitra, en
hringnótabátar 5,4 miljónir.

Óeðlilegur gróði hjá olíufélögum

KAUPMANNAHÖFN 11/1 —
Sandinavíska flugfélagið SAS í-
hugar beiðni til ríkisstjórna Norð-
urlanda þess efnis, að þau hafi
meiri hemil á olíufélögunum og
gæti þess að þau hækki ekki verð-
ið óeðlilega mikið. Þau verði
skylduð til að láta næga olíu í té á
flugvöllum.

Einn af framkvæmdastjórum
SAS sagði beinum orðum að olíu-

félögin græddu á tá og fingri
vegna olíukreppunnar.

Vegna olíuhækkunarinnar hafa
IATA-flugfélögin orðið ásátt um
að hækka fargjöld um 7% og kem-
ur það til viðbótar við nýlega 6%-
hækkun. Hins vegar þyrfti farg-
jaldahækkunin að vera 20% til
að fá fullar bætur fyrir þá olíu-
hækkun sem orðin er.

Meira orðaskak, minna vopnaskak

11/1 — Eitthvað virðist hermála-
ráðherra Bandaríkjanna, Schles-
inger, hafa dregið í land varðandi
stríðshotanir sínar við Araba.
Segir hann nú, að hernaðarihlut-
un í Austurlöndum nær sé ólíkleg,
en hann kváð fastar að orði í fyrri
viku. Þau ummáli leiddu til þess,
að yfirvöld í fleiri en einu Araba-
ríki kváðust mundu kveikja í olíu-
brunnum, ef Bandaríkjamenn
réðust á þau.

Hins vegar er ljóst, að Banda-
ríkin vilja með einhverjum ráð-
um koma Arabaríkjunum á kné
vegna stefnu þeirra í olíumálum.
Boðar Nixon nú til ráðstefnu með
8 helstu iðnaðarveldum auðvalds-
heimsins, en þau neyta 80% þeir-

ar olíu sem seld er á heimsmark-
aði.

Japanska stjórnin hefur riðið á
vaðið með að lýsa yfir þátttöku í
ráðstefnunni sem á að hefjast 11.
febrúar. Sagt er, að hún óttist
mjög vaxandi samkeppni iðnað-
arþjóðanna við olíukaup, þar sem
þau geti leitt til verðhækkana og
„öngþveitis“.

Ál fer upp

11/1 — Norskar fréttir herma að
verð á hráali hafi hækkað um
50—100% sl. ár en verðlag á hálf-
unnum vörum hafi ekki stigið
samsvarandi.

Eftirspurnin eftir áli sé mikil og
bendi ekkert til þess að hún réni í
Evrópu. Hugsanlegt sé að orku-
kreppan komi norskum framleið-
endum vel, þar sem eitthvað
muni víst verða dregið úr fram-
leiðslu áls í Bandaríkjunum,
Bretlandi og Japan.

Skammt er síðan mikil lægð var
í álframleiðslu, og kvartað er yfir
rekstrartapi.

ÁSKORUN frá

Happdrætti Þjóðviljans

Dregið var í happdrætti Þjóðviljans á Þor-
láksmessu eins og venja er til, en þar sem upp-
gjöri var ekki lokið voru vinningsnúmerin inn-
sigluð hjá borgarfótega.

Unnið er nú að því að kappi að ljúka uppgjöri
um þessa helgi svo að hægt verði að birta
númerin í næstu viku. Er því eindregið skorað
á umboðsmenn og alla þá sem fengið hafa
senda miða að ljúka uppgjöri nú um helgina.

Skrifstofa happdrættisins að Grettisgötu 3 er
opin allan daginn í dag og á morgun kl. 13 til 18.
Léttið störfín og ljúkið uppgjöri strax í dag.

Happdrætti
Þjóðviljans
1973

Happdrætti
Þjóðviljans
1973

Happdrætti
Þjóðviljans
1973

ALÞYÐUBANDALAGIÐ



Tryggvi

Akranes

Alþýðubandalagið á Akranesi boðar til al-
menns fundar um raforkumál í dag kl. 14 í fé-
lagsheimilinu Rein. — Frummælandi verður
Tryggvi Sigurbjarnarson.

Stjórn mála fundir á Norðurlandi

Ragnar Arnalds hefur verið á ferð í Norður-
landskjördæmi vestra að undanförunu og haldið
almenna stjórn mála fundi á Sauðárkróki, Hof-
ósi og Siglufirði.

Nú um helgina heldur hann fundi á Blönduósi
kl. 4 í dag, laugardag, Skagaströnd kl. 4 á morg-
un og á Hvammstanga á mánudagskvöld kl. 9.



Ragnar